

146. löggjafarþing 2016–2017.

Þingskjal 3 — 3. mál.

Umsögn frá Landspítala/Linda Kristmundsdóttir, framkvæmdastjóri Kvenna- og barnasviðs ásamt stjórnendum á BUGL.....fl..

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um sálfræðiþjónustu í framhaldsskólum.

Umsagnaraðilar fagna tillögu til þingsályktunar um aukna sálfræðiþjónustu í framhaldsskólum og telja brýnt að nemendum í framhaldsskólum landsins standi til boða þessi þjónusta þeim að kostnaðarlausu.

Einnig er aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum (338 mál) til mikilla bóta en telja má víst að geðrækt og forvarnarstarf í leik- grunn- og framhaldsskólum sé aðgerð sem sé vænleg til árangurs í þessum málaflokki.

Rétt er að áréttu að þó það sé mikilvægt að greiður aðgangur sé að sálfræðiþjónustu í framhaldsskólum er einnig mikilvægt að fræða og auka meðvitund allra starfsmanna skóla um geðræn vandkvæði en ekki skilgreina andlega vanlíðan nemenda sem íhlutun sem einungis fari fram á skrifstofu skólasálfræðings.

Í tillögunni er vikið að nauðsyn sálfræðiþjónustu í skólum þar sem skortur sé á faglegri geðheilbrigðisþjónustu og auka þurfi aðgengi að henni. Í því samhengi má velta fyrir sér stöðu geðheilbrigðismála almennt. Því er stefna og aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum til fjögurra ára (338 mál) mjög mikilvæg til að nálgast vandann á heildstæðan hátt. Umsagnaraðilar telja að ráðast þurfi að rótum vandans með heildstæðri stefnu og ýmsum inngrípum. Þó sálfræðiþjónusta í framhaldsskólum sé til bóta þarf meira til.

Að lokum er rétt að minnast á mikilvægi menntunar, sérhæfingar og reynslu hinna ýmissa starfsstétta. Þekking og reynsla geðheilbrigðisstarfsmanns er ekki endilega alltaf bundin starfsheiti hans. Til dæmis hafa geðhjúkrunarfræðingar og félagsráðgjafar innan sinna raða einstaklinga sem hafa menntun og meðferðarreynslu til að sinna ákveðnum greiningum og samtalsmeðferð. Í því samhengi er mikilvægt er að huga vel að þeim kröfum sem gera verður til þeirra sem veita þessa þjónustu, þ.e að viðkomandi hafi þjálfun í samtalsmeðferð og almenna meðferðarreynslu.

Guðný Elísabet (Lísa)
Skrifstofa forstjóra